

Stjórn málaályktun flokksráðsfundar Sjálfstæðisflokksins 2023

Frelsi og ábyrgð einstaklingsins, mannréttindi og jafnræði, eru hornsteinar stefnu Sjálfstæðisflokksins. Góð lífskjör og jafnrétti byggja á jöfnum tækifærum, menntun og fjárhagslegu sjálfstæði einstaklinga. Atvinnufrelsi og eignarréttur eru órjúfanlegur hluti frjáls samfélags. Velferð byggir á öflugum og frjálsum atvinnulífi.

Stærsta hagsmunamál Íslendinga er að tryggja efnahagslegan stöðugleika, lækkun verðbólgu og vaxta. Á seinni hluta kjörtímabilsins er nauðsynlegt að ríkisstjórnin forgangsraði verkefnum. Flokksráð leggur sérstaka áherslu á að;

- stórauka græna orkuframleiðslu og byggja undir orkuskipti,
- verja verndarkerfi flóttamanna og koma böndum á kostnað,
- endurskoða samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins,
- efla löggæslu og baráttu gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkaógn,
- styrkja embætti ríkissáttasemjara,
- stuðla að efnahagslegum stöðugleika og lækkun verðbólgu með aðhaldi í ríkisfjármálum þar sem útgjöld verði ekki aukin,
- auka hagræðingu með fækkun stofnana, sölu ríkisfyrirtækja og fjárfestingu í stafrænni stjórnsýslu,

Græn orka. Raforkuöryggi er forsenda öflugrar byggðar og atvinnulífs um allt land. Ávinningur af grænni orkubyltingu er óumdeildur. Sjálfstæðisflokkurinn vill að Ísland verði leiðandi í orkuskiptum og fyrirmynd annarra þjóða. Forsenda orkuskipta og árangurs í baráttu við loftlagsbreytingar er tryggt aðgengi að grænni orku. Í þeim efnum eiga Íslendingar fleiri tækifæri en flestar aðrar þjóðir.

Tafarlaust þarf að stórauka framleiðslu grænnar orku. Treysta verður flutningskerfi raforku. Endurskoða skal lög um rammaáætlun og einfalda regluverk og stjórnsýslu tengda grænni orkuvinnslu. Hagsmunir almennings og almennra notenda verða að vera í forgangi við græn orkuskipti.

Innflytjendur. Innflytjendur auðga íslenska menningu og efnahag. Halda á áfram að auðvelda fólki utan Evrópska efnahagssvæðisins að koma hingað og starfa. Stíga þarf markviss skref til að auðvelda aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi og tungumáli ásamt því að viðurkenna og styðja betur við menntun þeirra.

Verndarkerfi flóttamanna. Sjálfstæðisflokkurinn stendur vörð um verndarkerfi flóttamanna, sem nú er ógnað. Í kjölfar mikillar fjölgunar umsókna um alþjóðlega vernd hefur álag aukist verulega á sveitarfélög og samfélagslega innviði. Undir forystu ráðherra Sjálfstæðisflokksins hafa verið gerðar lagabreytingar til að styrkja undirstöður verndarkerfisins en margt er enn ógert. Einfalda þarf kerfið og stytta alla ferla er varða umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Útlendingalöggjöfina þarf að þróa áfram af ábyrgð og raunsæi með löggjöf og framkvæmd annarra Norðurlanda sem fyrirmynd.

Styðja þarf vel við flóttafólk sem hlýtur alþjóðlega vernd og aðstoða það við að aðlagast íslensku samfélagi. Þeim sem ekki fá alþjóðlega vernd skal gert að yfirgefa landið eins fljótt og auðið er eftir að niðurstaða í þeirra málum liggur fyrir lögum samkvæmt. Þeir sem ekki eiga samvinnu við yfirvöld skulu sæta vistun í búsetuúrræði með takmörkunum þar til hægt er að brottvísa af landinu.

Löggæsla. Halda þarf áfram að fjölga lögreglumönnum. Vinna þarf með markvissum hætti gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkaógn. Borgaralegar stofnanir í herlausu landi gegna í lykilhlutverki við að tryggja þjóðaröryggi. Styrkja þarf Landhelgisgæsluna og auka heimildir lögreglunnar til að bregðast við breyttum veruleika sem ógnar þjóðaröryggi og mikilvægt er að tryggja öryggi löggæslumanna. Samhliða verður að efla eftirlit með störfum lögreglunnar og tryggja réttindi einstaklinga.

Samgöngur. Endurskoða verður samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins með skilvirkni og hagkvæmni að leiðarljósi. Í sáttmálanum á að leggja áherslu á greiðar samgöngur óháð samgöngumáta. Lagning Sundabrautar á að vera hluti af samgöngusáttmálanum.

Ráðast þarf í flýtiframkvæmdir í samgöngum um allt land á grundvelli fjölbreyttari fjármögnunar og samstarfs við einkaaðila. Heimila á sveitarfélögum að standa fyrir stofnun félags um tiltekna vegaf framkvæmd og rekstur – samfélagsvegi – með einkaaðilum eða félagasamtökum.

Reykjavíkurlflugvöllur verður í Vatnsmýrinni þar til nýr staður, jafngóður eða betri finnst.

Sveitarfélög. Virða ber sjálfstæði sveitarfélaga en skapa hvata til aukinnar samvinnu þeirra og sameiningar. Endurskoða á tekju- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Kostnaðarmeta þarf þau verkefni sem sveitarfélögum er falið að sinna samkvæmt lögum og tryggja tekjur vegna þeirra.

Atvinnufrelsi. Forsendur velferðar er virðing fyrir eignarrétti og atvinnufrelsi. Þegar ríkisvaldið telur ríka þörf fyrir inngrip í atvinnulífið ber að gæta að vandaðri stjórnsýslu, sýna meðalhóf og gefa öllum aðilum rúman tíma til aðlögunar. Með fyrirvaralausri frestun hvalveiða virti matvælaráðherra hvorki stjórnsýslulög né gætti meðalhófs. Atvinnustarfsemi sem heimiluð er með lögum verður ekki lögð af án aðkomu Alþingis.

Nýsköpun og atvinnulíf. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er forsenda framfara og undirstaða velferðarkerfisins. Aukin framleiðni og nýsköpun er forsenda hagvaxtar. Þess vegna er mikilvægt að stjórnvöld styrki enn frekar umhverfi sem hvetur til nýsköpunar á öllum sviðum atvinnulífsins. Tryggja verður að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja sé ekki skert með sköttum, öðrum álögum eða íþyngjandi regluverki á öllum sviðum atvinnulífsins. Mikilvægt er að skattaumhverfi fyrirtækja sé einfalt og fyrirsjáanlegt.

Ráðast skal í heildarendurskoðun á samkeppnislögum með það að markmiði að efla samkeppni og bæta rekstrarumhverfi íslensks atvinnulífs.

Vinnumarkaðsmál. Mikilvægt er að efla heimildir embættis ríkissáttasemjara til að rækja starf sitt til samræmis við það sem þekkest á hinum Norðurlöndunum svo hægt sé að leysa úr flóknum deilum á vinnumarkaði.

Með samspili aðhalds í opinberum fjármálum og peningastefnu skapast forsendur fyrir lækun verðbólgu og vaxta sem er eitt stærsta hagsmunamál launafólks og fyrirtækja.

Tryggja verður launafólki félagafrelsi og valfrelsi í lífeyrismálum.

Húsnæðismál. Mikilvægt er að stjórnvöld fari í markvissar aðgerðir til að auðvelda og efla húsnæðisuppbyggingu til að vinna gegn framboðsskort. Markmiðið skal vera að tryggja sem flestum tækifæri til að eignast eigið húsnæði og tryggja skilvirkan leigumarkað enda um eitt mesta hagsmunamál almennings að ræða.

Húsnæðisstuðning ríkisins á að stokka upp svo hann nýtist með markvissari hætti þeim sem helst þurfa og tryggi fyrirsjáanleika við afborgun húsnæðislána eins og kostur er.

Ekki má setja auknar skorður við samningsfrelsi leigutaka og leigusala sem getur aukið skort á góðu leiguhúsnæði og hækkað húsaleigu til lengri tíma.

Ríkisfjármál og skattar. Skattkerfisbreytingar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft forystu um á síðustu tíu árum hafa fyrst og fremst miðað að því að einfalda skattkerfið, létta byrðar launafólks og auka kaupmátt, styrkja afkomu fyrirtækja, hvetja þau til fjárfestinga og byggja undir nýsköpun og þróun. Halda verður áfram á sömu braut og huga sérstaklega að barnafjölskyldum, m.a. með breytingum á barnabótakerfinu og hækkingu hámarksreiðslu í fæðingarorlofi. Sjálfstæðisflokkurinn leggst alfarið gegn frekari álögum á fólk og fyrirtæki.

Gegn ríkisvæðingu stjórnmalaflokka og fjölmiðla. Styrkja á sjálfstæði stjórnmalaflokka gagnvart hinu opinbera með lægri opinberum framlögum og auknum möguleikum á sjálfstæðri fjármögnun. Endurskilgreina á hlutverk, skyldur og fjármögnun Ríkisútvarpsins og draga það út af auglýsinga- og samkeppnismarkaði svo og tryggja stöðu sjálfstæðra fjölmiðla, án beinna ríkisstyrkja. Afnema skal útvarpsgjaldið.

Fækkun stofnana og einföldun regluverks. Einfalda þarf alla stjórnsýslu ríkisins, endurskoða verkefni og fækka stöðugildum með aukinni sjálfvirkni og úthýsingu verkefna. Þegar hafa verið tekin mikilvæg skref í þessum efnum með Stafrænu Íslandi, en betur má ef duga skal.

Sala ríkisfyrirtækja. Flokksráð leggur áherslu á að lokið verði við sölu á öllum hlutum ríkisins í Íslandsbanka í almennu opnu útboði fyrir lok árs 2024. Þá er nauðsynlegt að ríkið losi um eignarhald á Landsbankanum á næstu árum. Ríkið á ekki að standa í verslunarrekstri og því á að bjóða út rekstur Fríhafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Kanna á hagkvæmni þess að fá fjárfesta með sérþekkingu að eignarhaldi flugstöðvarinnar. Leggja á niður ÁTVR og leyfa einkaaðilum smásölu áfengis í sérverslunum.

Sala ríkisfyrirtækja skal fara fram í gagnsæju ferli.

Heilbrigðismál. Tryggja á öllum trausta heilbrigðisþjónustu óháð búsetu og efnahag. Efla þarf forvarnir og lýðheilsu. Kraftar einkaframtaksins hafa ekki verið nýttir með skipulegum hætti í velferðarþjónustu. Um leið og nauðsynlegt er að auka samstarf og samþættingu opinbers rekstrar og einkarekstrar í heilbrigðisþjónustu þarf að stuðla að innleiðingu

nýsköpunar og stafrænna lausna um allt land. Notandi heilbrigðisþjónustu skal alltaf að vera í fyrsta sæti.

Þjónusta við eldri borgara. Þjónusta við eldri borgara skal taka mið af þörfum hvers og eins. Fjölga verður þjónustuíbúðum og hjúkrunarrýmum, efla og samþætta betur heimahjúkrun, félags- og tómstundaþjónustu, sál-gæslu og heilsueflingu. Nýta á enn betur einkaframtakið í þjónustu við eldri borgara. Framkvæmdasjóð aldraðra á einungis að nýta til uppbyggingar dvalar- og hjúkrunarrýma.

Almannatryggingar. Flokksráð ítrekar stefnu Sjálfstæðisflokksins um að innleiða nýtt fyrirkomulag ellilífeyris almannatrygginga og hamla ekki atvinnuþátttöku þeirra sem eldri eru. Draga þarf úr skerðingum almannatrygginga vegna tekna, hvaðan sem þær koma.

Aðskilja þarf að fullu málefni aldraðra og öryrkja. Endurskoða verður tryggingakerfi öryrkja frá grunni, tryggja fjárhagslegt sjálfstæði þeirra og stuðla að því að öryrkjar hafi ávinning af því að afla sér tekna. Einnig þarf að efla hvata atvinnulífsins til að ráða fólk með fötlun til vinnu.

Menntakerfi. Flokksráðsfundur minnir á að jöfn tækifæri eru best tryggð með öflugum menntakerfi með fjölbreyttum valkostum þar sem öllum er tryggt jafnt aðgengi óháð efnahag, búsetu eða bakgrunni. Efla þarf öll skólastig og auka gæði náms í takt við þróun samfélagsins. Huga þarf sérstaklega að grunnskólastiginu, auka val nemenda og byggja á styrkleikum einstaklingsins. Efla verður iðn- og tækninám. Styrkja þarf stoðir framhalds- og háskólamenntunar með sameiningu og aukinni samvinnu skóla.

Viðskiptafrelsi. Opinn og greiður aðgangur að erlendum mörkuðum er undirstaða góðra lífskjara. EES-samningurinn er því mikilvægur en einnig tvíhliða fríverslunarsamningar við aðrar þjóðir. Hagsmunir Íslands eru best tryggðir með því að standa utan Evrópusambandsins en treysta enn betur framkvæmd EES-samningsins. Áréttað er að framsal valdheimilda til stofnana Evrópusambandsins er óheimil brjóti það gegn tveggja stoða kerfi EES.

Lög og reglur sem sett eru í tengslum við aðild Íslands að EES skulu aldrei vera meira íþyngjandi fyrir fyrirtæki og einstaklinga en lágmarkskröfur samningsins. Nauðsynlegt er að fram fari endurskoðun gildandi laga þar sem þessari grunnreglu var ekki fylgt. Sjálfstæðisflokkurinn stendur vörð um fullveldi Íslands.

Varnarmál. Stefna Íslands í öryggis- og varnarmálum með aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, miðar að því að tryggja stöðugleika á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum. Mikilvægt er að Ísland taki virkan þátt í að efla varnir landsins í samstarfi við bandamenn sína.